

atNorth stækkar enn með kaupum á sænsku ofurtölvufyrirtæki

Hafnarfjörður, 29. ágúst, 2023: Gagnavers- og ofurtölvufyrirtækið **atNorth** hefur enn aukið umsvif sín á Norðurlöndunum, nú með kaupum á sænska félaginu Gompute. atNorth yfirtekur rekstur gagnavers Gompute í Gautaborg og styrkir þannig stöðu sína á ört vaxandi markaði í Evrópu, þar sem eftirspurn eftir ofurtölvuþjónustu og gagnavistun eykst hratt.

Með yfirtökunni breikkar atNorth þjónustuframboðið, fjölgar viðskiptavinum og nær fram samlegðaráhrifum í daglegum rekstri. „Gompute hefur verið í fararbroddi í 20 ár, með gríðarlega háþrúð kerfi og hæft starfsfólk,“ segir Eyjólfur Magnús Kristinsson, forstjóri atNorth. „Þessi kaup eru mikilvægur áfangi fyrir okkur og liður í þeirri vegferð að atNorth verði markaðsleiðandi. Það er okkur sönn ánægja að bjóða starfsfólk Gompute velkomið í atNorth fjölskylduna,“ segir Eyjólfur Magnús.

Gompute var stofnað árið 2002 og hefur síðan þjónustað alþjóðleg fyrirtæki í rekstri ofurtölva. Frá upphafi lagði Gompute áherslu á hámarksafköst og góða þjónustu við viðskiptavinum og ávann sér með tímanum gott orðspor fyrir áreiðanleika. Félagið er reist á svipuðum gildum og atNorth, þar sem frumkvöðlarnir höfðu skýra framtíðarsýn.

„Allt frá því að viðræður hófust um kaup atNorth á Gompute hefur okkur þótt félögin passa vel saman. Þau eru drifin áfram af líkum hvötum og hugarfarið er svipað á báðum stöðum,“ segir Daniel Persson, forstjóri og meðstofnandi Gompute. „Við hlökkum til að sjá atNorth byggja ofan á þann grunn sem við höfum lagt á síðustu 20 árum. Stjórnendur atNorth eru metnaðarfullir, eigendur áræðnir og árangurinn góður. Við göngum til liðs við atNorth full eftirvæntingar og sannfærð um að okkar viðskiptavinir muni fá enn betri en þjónustu en áður,“ bætir hann við.

Eyjólfur Magnús segir að ekkert fái stöðvað hratt vaxandi eftirspurn eftir ofurtölvuþjónustu, sem m.a. megi rekja til aukinnar notkunar gervigreindarlausna. „Til viðbótar sjáum við ótal tækifæri í því, en líka nýsköpun innan atNorth og tæknilausnum sem eiga áfram að tryggja okkar viðskiptavinum bestu mögulegu þjónustuna. Með kaupunum á Gompute getum við haldið áfram á sömu braut og lagt grunninn að næstu kynslóð sjálfbærs upplýsingatæknireksturs á Norðurlöndunum, með þjónustu við fyrirtæki um allan heim.“

Um atNorth:

atNorth hefur frá 2009 verið brautryðjandi í hönnun, byggingu og rekstri hátæknigagnavera á Íslandi, Svíþjóð og Finnlandi. Meðal viðskiptavina **atNorth** eru alþjóðleg fyrirtæki og stofnanir sem starfa í fjölmörgum greinum, svo sem við rannsóknir, í heilbrigðisgeiranum, í genarannsóknunum, við framleiðslu, í fjármálaiðnaði og veðurfræði sem nýta þjónustur **atNorth** til þess að vinna gögn með hámarks afköstum á hagkvæman og umhverfisvænan hátt. Með staðsetningu gagnavera **atNorth** á Norðurlöndunum hefur fyrirtækið nýtt á snjallan hátt umhverfisaðstæður svo sem loftslag og nýtingu hita sem myndast í gagnaverunum til að ná fram betri orkunýtingu en þekkt annarstaðar við rekstur gagnavera ásamt því að knýja gagnaverin með endurnýjanlegri orku. **atNorth** hannar gagnaver sín með hringrásarhagkerfið að leiðarljósi sem byggir á grunni endurnýjanlegrar orku og hagkvæmri orkunýtingu. Frekari upplýsingar um atNorth má finna á heimasíðu fyrirtækisins atnorth.com, einnig er hægt að fylgja **atNorth** á [LinkedIn](https://www.linkedin.com/company/atnorth).

Nánari upplýsingar veitir:

Bylgja Pálsdóttir

í síma **894 9659**

bylgja.palsdottir@atnorth.com